



## Viðmiðunarreglur um snjómokstur í Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Meginmarkmið varðandi snjómokstur og hálkuvarnir í sveitarfélaginu Skeiða- og Gnúpverjarheppi eru að tryggja öryggi og færð fyrir skólaakstur þannig að börn komist í skólann á tilsettum tíma, að lágmarka óþægindi íbúa og fyrirtækja af völdum snjós og ís og greiða leið íbúa sem sækja vinnu og skóla.

Að mokstri og hálkuvörnum loknum skulu vegir vera ökufærir fyrir vetrarbúnar bifreiðar og áferð yfirborðsins þannig að vegfarendum stafi ekki hætta af.

Mikilvægt er að þeim sem annast snjómokstur og hálkuvarnir í sveitarfélaginu sé sýnd tillitssemi við störf sín. Þeir leggja á sig mikla vinnu, oft við erfiðar aðstæður, við að halda akstur- og gönguleiðum í sveitarfélaginu greiðfærum.

Sveitarstjóri metur þörf á snjómokstri og hálkuvörnum í þéttbýli í samráði við verktaka sem sinna snjómokstri í sveitarfélaginu

Sveitarstjóri metur þörf á snjómokstri og hálkuvörnum í dreifbýli í samráði við verktaka sem sinna snjómokstri í sveitarfélaginu og Vegagerðina

### Þéttbýli

Snjómokstur og hálkueyðing í þéttbýli er í höndum Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Götur í þéttbýli og bílastæði við stofnanir sveitarfélagsins í þéttbýli eru mokaðar og hálkugarðar eftir þörfum. Ekki eru mokaðar heimreiðar í þéttbýli, bílastæði við fyrirtæki né heimkeyrslur að lögbýlum sem eru innan þéttbýlis.

### Dreifbýli

Snjómokstur og hálkueyðingu í dreifbýli er í höndum Vegagerðarinnar og Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Vegagerðin sér um allan mokstur á þjóðvegum.

### Héraðs- og tengivegir - Helmingamokstur

Vegagerðin hefur skilgreint þá vegi sem heimilt er að beita helmingamokstursreglu. Þá vegi er heimilt að moka með kostnaðarþátttöku Vegagerðarinnar að hámarki þrisvar sinnum í viku meðan fært þykir vegna veðráttu og snjóþyngsla. Miðað er við að búið sé að opna allar aðalleiðir virka daga kl 7 að morgni þá daga sem mokað er. Ef ljóst er að moka eða hálkuverja þarf oftast en þrisvar sinnum í viku þarf að liggja fyrir leyfi Vegagerðarinnar á greiðslu helmings kostnaðar. Vegagerðin sér um þann mokstur að höfðu samráði við sveitarstjóra Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Samkvæmt reglum vegagerðarinnar er einnig heimilt að moka sérstaklega vegna jarðarfara og greiðir Vegagerðin þann kostnað að fullu.



## Skeiða- og Gnúpverjahreppur

### Heimreiðar í dreifbýli

Um mokstur í heimreiðum í dreifbýli gildir eftirfarandi:

- Heimreiðar í dreifbýli eru mokaðar virka daga þegar þörf er á. Sveitarstjóri metur þörf á snjómokstri á heimreiðum í samráði við verktaka sem sinnir snjómokstri.
- Einungis eru mokaðar heimreiðar að þeim bæjum þar sem föst búseta er og viðkomandi íbúar eru með skráð lögheimili.
- Sveitarfélagið annast ekki mokstur á bílastæðum við fyrirtæki í dreifbýli.
- Sveitarfélagið annast ekki mokstur heimreiða að sumarhúsum, óháð því hvort þar sé skráð lögheimili eða ekki. Sveitarfélagið greiðir ekki kostnað við snjómokstur eða hálkuvarnir inni á sumarhúsasvæðum.

Aðilar sem taka upp fasta búsetu og skrá lögheimili á stöðum í dreifbýli sem ekki hefur verið mokað að geta haft samband við skrifstofu sveitarfélagsins varðandi mokstur.

Reglur þessar eru settar til viðmiðunar og ber að líta á þær sem slíkar. Hafa ber í huga að tíðarfar og snjóþyngsli geta raskað áformum um snjómokstur. Hvorki Vegagerðin né Skeiða- og Gnúpverjahreppur bera ábyrgð á tjóni sem kann að verða, takist ekki að framfylgja viðmiðunarreglum þessum. Upplýsingar tengdar hreinsun á þjóðvegum í viðmiðunarreglum þessum eru eingöngu til viðmiðunar en Vegagerðin getur breytt þeim hvenær sem er.

*Samþykkt á fundi sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjarhepps 16. febrúar 2022.*